

Ed.

185. Frumvarp

til laga um einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelaafli á Íslandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að veita Þorkeli P. Clementz, vjel-fræðingi í Reykjavík, einkarjett um 15 ár til þess að þurka kjöt á Íslandi með vjelum, sem ætlað er til útflutnings.

2. gr.

Geti leyfishafi ekki innan 3 ára sýnt, að tilraunir allar og undirbún-
ingur sjeu svo langt komið, að fyrirtækið geti tekið til starfa á því ári, fellur
einkaleyfið úr gildi.

3. gr.

Af hverri smálest af þurkuðu kjöti, sem út er flutt, skal greiða allt að 10 kr. í landssjóð, þó ekki af fyrsta árs framleiðslu.

4. gr.

Eigi má leggja annað eða meira gjald á þá vöru, er leyfishafi framleiðir, en um getur í 3. grein.

5. gr.

Þegar 5 ár eru liðin eða meira frá því, er einkaleyfishafi tók að flytja út þurkað kjöt, hefir landsstjórnin rjett til að taka í sínar hendur einkaleyfið og allar vjelar, hús og áhöld, fyrir það verð, er dómkvaddir menn meða.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi samþykki háttv. Nd. á síðasta þingi með 12 : 3 atkv. sama daginn og þingi var slitið, svo að háttv. Ed. gafst ekki færi á að athuga þetta mikilsverða mál.